




Ársskýrsla Tröllaborgar



Veturinn 2012-2013

Anna Árnína Stefánsdóttir

Efnisyfirlit

1 Almennar upplýsingar	3
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð	3
1.2 Viðhald og breytingar	3
1.3 Starfstími Tröllaborgar	4
2 Hugmyndafræði Tröllaborgar	4
2.1 Starfsgrundvöllur	4
2.2 Áherslur Tröllaborgar	4
2.3 Daglegt líf í Tröllaborg	5
2.4 Dagskipulag	6
3 Leikskólastarfið	7
3.1 Framkvæmd ársáætlunar	7
3.2 Grænfáninn	7
3.3 Starfið hvern mánuð	7
3.4 Útikennsla	11
3.5 Skólahópur	12
4 Nemendur	13
4.1 Nemendafjöldi	13
4.2 Sérkennsla	14
5 Starfsmenn	14
5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi	14
5.2 Starfsmenn í fjarnámi	14
6 Símenntun	14
6.1 Ýmis námskeið	14
6.2 Skipulagsdagar	15
7 Mat á skólastarfi	15
8 Tölvumál	15
9 Önnur samskipti	15
9.1 Grunnskólinn	15
9.2 Foreldrasamstarf	16
9.3 Vinnuskólanemar	16
9.4 Gjafir	16
10 Skólanámskrá og annað útgefið efni	17

1 Almennar upplýsingar

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana út að austan þ.e. Brúsabæ á Hólum, Barnaborg á Hofsósi og Bangsabæ í Fljótum og ráða einn leikskólastjóra. Samheiti þessa nýja leikskóla er Tröllaborg en hver deild heldur þó sínu nafni og séreinkennum. Í öllum deildunum er boðið upp á morgunmat, heita máltíð í hádegi og seinnipartskaffi. Matseðlar, dagskipulag og aðrar uppákomur má finna á heimasíðu leikskólans.

1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Bangsabær í Fljótum

Bangsabær í Fljótum er í húsnæði grunnskólans, 60 m² að stærð og rúmar 8 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

Barnaborg á Hofsósi

Barnaborg er á Suðurbraut 7 á Hofsósi, húsnæðið er 125,7 m² að stærð og rúmar 15 börn samtímis í vistun. Kjallari er undir hluta hússins og er hann nýttur sem geymsla.

Tekið var í notkun herbergi í kjallara elliheimilisins fyrir leikskólann. Þetta er útistofa og er farið með hópa þangað á hverjum morgni. Með þessu herbergi getum við tekið á móti fleiri börnum í leikskólann og nú rúmar leikskólinn allt að 20 börn.

Brúsabær á Hólum

Brúsabær flutti í nýtt húsnæði sem var byggt við Grunnskólann að Hólum í janúar 1999. Húsnæðið er 112 m² að stærð og rúmar það 16 börn samtímis í vistun. Árið 2008 var húsnæðið stækkað inn í grunnskólabygginguna og geta nú verið 40 börn samtímis í vistun. Börnin matast í matsal grunnskólans.

1.2 Viðhald og breytingar

Viðhald innanhúss

Barnaborg á Hofsósi: Ekkert viðhald var í Barnaborg

Brúsabær á Hólum: Fatahólfín voru tekin niður og lækkuð í þægilega hæð fyrir börnin.

Bangsabær í Fljótum: Ekkert viðhald var í Bangsabæ

Viðhald utanhúss

Bangsabær: Girðingin í kringum lóðina löguð.

Barnaborg: Ekkert viðhald var í Barnaborg.

Brúsabær: Sett var gönguhlið á milli leikskólalóðarinnar og grunnskólaleiksvæðisins. Vegasaltið tekið og sett annað í staðinn, sem var á gömlu Glaðheimum.

1.3 Starfstími Tröllaborgar

Starfsárið í Barnaborg og Brúsabæ var frá 13. ágúst 2012 til 1. júlí 2013. Brúsabær var opinn frá 8:00 – 16:15 alla daga vikunnar, Barnaborg var opin frá 8:00-16:15 fjóra daga vikunnar, á föstudögum var lokað kl.15:00.

Að ósk foreldra í Bangsabæ þá er sami starfstími hjá leikskólanum og hjá grunnskóla staðarins, þannig að starfsárið í Bangsabæ var frá 20. ágúst 2012 til 13 maí 2013. Opnunartíminn var frá 8:00 – 13:00 fjóra daga vikunnar þ.e. alla daga nema föstudaga.

Vistunartíminn er sveigjanlegur í öllum deildum. Við reynum að koma til móts við óskir allra og flestir fá þann tíma sem þeir óska eftir.

2 Hugmyndafræði Tröllaborgar

2.1 Starfsgrundvöllur

Tröllaborg byggir starf sitt á *Lögum um leikskóla* (nr. 90/2008) og *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011. Í lögum segir að veita skuli börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði. Ennfremur segir að leikskólinn skuli í samráði við foreldra og aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun. Meginstefna í markmiðslýsingu *Aðalnámskrár* er að uppeldisstarfið myndi órofa heild og stuðli þannig að því að efla alhliða þroska barnsins í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins. Í samræmi við *Aðalnámskrá* gerir leikskólinn sína eigin skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans. Leikskólinn vinnur nú að gerð nýrrar skólanámskrár, í samræmi við *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011, og á hún að vera tilbúin haustið 2013.

2.2 Áherslur Tröllaborgar

Aðaláhersla er lögð á leikinn, umhverfismennt, félagslega færni og sköpun með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga **Johns Dewey** sem lagði áherslu á það að lífa og læra væru samofnir þættir og börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga **Lev Vygotsky** sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns og fullorðins/eldra barns sem hefur meiri þekkingu.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskaþættina. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu

fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Í hverju barni býr mikil og fjölbreytt sköpun. Í leikskólanum er lögð áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum og fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpunarkrafti á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum.

Árið 2012 var byrjað á því að innleiða SMT í Brúsabær og Barnaborg en SMT-skólafærni er hafnafirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support / PBS*. Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun og hvetur það þau áfram auk þess sem það verður til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

2.3 Daglegt líf í Tröllaborg

Venjubundnar athafnir daglegs lífs í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Nám í leikskóla er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Formlega námið fer að mestu fram í hópastarfi en óformlega námið á sér stað allan daginn í leikskólanum svo sem í gegnum leik og í tengslum við daglegar athafnir barnanna. Með því að hafa skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefur það leikskólastarfinu festu og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Þegar barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar upplýstir um að á heimasíðu leikskólans sé að finna allar helstu upplýsingar um leikskólann. Sérstök áhersla er lögð á að foreldrar lesi foreldrahandbókina sem þar er að finna. Í foreldrahandbókinni koma meðal annars fram upplýsingar um fasta þætti í starfi leikskólans, dagskipulagið og aðrar hagnýtar upplýsingar.

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum. Dagskipulagið er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahópsins, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Í

byrjun hvers mánaðar er sett á heimasíðu Tröllaborgar mánaðarskipulag með upplýsingum um allt starf þann mánuðinn, ásamt upplýsingum um hádegismatseðil. Vikulega setja hópstjórar inn á heimasíðu leikskólans hvað var gert í vikunni. En þar sem heimasíða leikskólans var óvirk meiri hluta starfsársins var það ekki svo meiri hluta vetrarins. Einnig eru send út vikuleg fréttabréf í tölvupósti.

Á haustin er gefið út skóladagatal þar sem fram koma helstu atburðir vetrarins. Hægt er að nálgast dagskipulagið og skóladagatalið inn á heimasíðu leikskólans.

2.4 Dagskipulag

Markmiðið er að hafa dagskipulagið sem líkast frá degi til dags. Ákveðnar tímasetningar og skipulag skapa ramma um leikskólastarfið og um leið festu og öryggi fyrir barnið og starfsfólkið.

Barnaborg

08:00 - 08:30 - Rólegur leikur
08:30 - 09:00 - Morgunmatur
09:00 - 10:15 - Útivera
10:15 - 10:30 - Ávaxtastund
10:30 - 11:30 - Hópastarf
11:30 - 12:00 - Samveru- og söngstund
12:00 - 12:45 - Hádegismatur
12:45 - 13:15 - Hvíld /sögustund
13:15 - 15:00 - Leikur inni ýmist inni eða úti
14:00 - 15:00 - Leikur inni/úti
15:00 – 15:30 - Kaffitími
15:30 – 16:00/16:15 - Leikur inni/úti
16:00 – Barnaborg lokar
16:15 – Brúsabær lokar

Bangsabær

8:00-8:30 - Leikskólinn opnar / Rólegur leikur > 8:30-9:00 - Morgunmatur
9:00-10:00 – útivera > 10:00-10:15 – Ávaxtatími > 10:15-12:00 - Hópastarf
12:00-12:30 - Hádegismatur > 12:30-13:00 – útivera > 13:00 - Leikskólinn lokar

3 Leikskólastarfið

3.1 Framkvæmd ársáætlunar

Það er fastur liður hjá öllum deildum að nota haustið í vettvangsferðir s.s. fjöruferð, skógarferð, berjaferð og fleira. Í þessum ferðum söfnum við m.a. efnivið sem nýtist yfir veturinn en við leggjum áherslu á að nota verðlausan efnivið í sem flesta vinnu með börnunum. Ef farið er í rútu eru þær ferðir oftast sameiginlegar en að öðru leiti nýtir hver deild sitt nánasta umhverfi til rannsókna. Á vorin er vika til tíu dagar teknir í þemastarf. Í vor var unnið í tengslum við Grænfánaverkefni. Þemað var mjólk og mjólkurafurðir. Börnin lærðu hver gefur okkur mjólkina, hvert mjólkinn fer, hvað er unnið úr mjólkinni og hollusta mjólkur. Börnin fóru í heimsókn í fjós og í mjólkursamlagið, gerðu rannsókn hvort gerilsneidd mjólk eða mjólk beint úr kúnni færi í meiri kekki þegar hún súrnar. Einnig fengu börnin að búa til jógúrt og ís í leikskólanum og ýmislegt fleira. Sameiginlegur umhverfisdagur var í leikskólanum Tröllaborg og Grunnskólanum austan-Vatna í maí. Á umhverfisdeginum var unnið með verðlaust efni, s.s. fígúrir úr auglýsingabæklingum, tröll úr steinum, niðursuðudósir listaverk úr afgangi spýtum og á Hólum var einnig smíðaður moltukassi. Allan veturinn er unnið markvisst með tónlist, myndlist og hreyfingu, eins fléttum við leikinn inn í alla þætti starfsins. Í maí er svo sýning á afrekstri nemenda yfir veturinn.

Afmælisveislur voru haldnar í lok hvers mánaðar fyrir þá sem áttu afmæli þann mánuðinn. Afmælisbörnin aðstoðuðu við undirbúning veislunnar og bjuggu til kórónu fyrir sig. Í Barnaborg fengu þau t.d. að skreyta kökuna sem boðið var upp á. Í Brúsabær bjóða afmælisbörnin öllum börnum upp á kræsingar sem í boði eru hverju sinni (t.d. saltstangir, popp, pitsu, muffins osfrv.).Ef enginn átti afmæli í mánuðinum var engin veisla.

3.2 Grænfáninn

Í byrjun skólaársins fegnum við Grænfánann afhentan í annað sinn. Umhverfisfræðsla er orðinn stór hluti að starfi leikskólans og er alltaf að eflast.

3.3 Starfið hvern mánuð

Ágúst mánuður: Leikskólinn opnaði mánudaginn 13. ágúst eftir sumarfrí. Aðlögun nýrra barna fór fram í mánuðinum. Mestur partur mánaðarins var nýttur í útiveru s.s. gönguferðir, berjatíslu og að njóta náttúrunnar.

Bangsabær var einungis opinn síðustu vikuna í ágúst og var sú vika notuð til útiveru og leikja.

Leikskólinn var lokaður 17.ágúst vegna fræðsludags í Skagafirði.

September byrjaði með vonsku veðri, slyddu og snjókomu. Yngstu börnin voru að venjast leikskóladvölinni. Hópastarf hófst í Brúsabær miðvikudaginn 10. september og var það þrjá daga vikunnar. Í vetur var engin skólahópur í Brúsabær og því samstarfið milli leik- og grunnskólans minna en vanalega.

Útikennslan í Brúsabæ hófst á markvissan hátt þann 13. september þar sem eldri börn leikskólans fóru í skipulagðar ferðir undir stjórn kennara ásamt yngstu deild grunnskólans. Í Brúsabæ voru þrír aðrir uppkomudagar í mánuðinum: íþróttadagur, náttfataball og bókadagur. Ekkert var farið í berjamó þetta árið vegna veðurs.

Í Barnaborg var ekkert hópastarf í september vegna manneklu. Þann 6. September var vinadagur í Skagafirði. Var öllum grunnskólabörnum og skólahóp leikskóla boðið til Sauðárkróks á sameiginlega skemmtun. Skólahópurinn í Barnaborg fór ásamt leikskólastjóra og hafði mikið gaman af. Haustþing leikskólakennara á Norðurlandi Vestra var haldið 28. september og var leikskólinn lokaður þann dag.

Október: Sláturgerð er orðin ríkur þáttur í leikskólastarfinu þar sem hún hefur tekist svo vel. Börnin létu ekki sitt eftir liggja og tóku virkan þátt í sláturgerðinni. Í Brúsabæ var sláturgerðin í samstarfi við Grunnskólann að Hólum.

Þrír aðrir uppkomudagar voru í Brúsabæ: bóka-, ruglu-, og boltadagur.

Í Barnaborg var sláturgerð í byrjun mánaðarins og tóku börnin þátt í henni og fengu að setja í keppina.

Þann 17. október fékk leikskólinn Grænfánann afhentan á ný.

Vikuna 22. – 26. október var dansnámskeið í leikskólanum

Í nóvember tókum við þátt í verkefninu „jól í skókassa“. Þetta verkefni vekur upp umræðu við börnin um að ekki sé sjálfgefið að allir fái jólagjafir og hafi það eins gott og við. Á *Degi íslenskrar tungu* var í Brúsabæ fenginn gestalesari til að segja börnunum sögu.

Í Barnaborg komu börn í 7. bekk Grunnskólans Austan Vatna á Hofsósi og lásu fyrir leikskólabörnin.

Leikskólinn var lokaður 12. nóvember en þá var starfsdagur.

Eins og fyrri ár tóku nemendur Brúsabæjar þátt í haustskemmtun nemenda Grunnskólans að Hólum þann 17. nóvember klukkan 16. Að þessu sinni fóru nemendur með „Kanntu brauð að baka“ með nýjum texta sem Anna var búin að semja og „Ríðum heim til Hólar“. Við starfsfólkið vorum að sjálfsgöðu mjög stolt af okkar nemendum sem sjálfir voru hæstánægðir með sitt framlag. Boðið var upp á kaffiveitingar að skemmtun lokinni. Listadagar voru haldnir í leikskólanum 21. og 22. nóvember og voru þeir nýttir til að útbúa jólagjafir handa foreldrum. Börnin útbjuggu gjafirnar (litill saumaður álfur sem var settur í jólakörfu), gerðu umbúðapappír auk

Þess sem þau útbjuggu pakkaband. Þrír aðrir uppákomudagar voru í Brúsabæ: bangsadagur, dótadagur og skreytingadagur.

Síðari hluti nóvember var notaður til að vinna að jólagjöfum frá börnum til foreldra.

Í Barnaborg byrjaði skólahópurinn að mæta með grunnskólabörnunum í íþróttir og var það svo fram að páskum.

Í desembermánuð Í Barnaborg og Brúsabær voru bakaðar piparkökur í byrjun mánaðarins. Foreldrum var síðar í mánuðinum boðið að koma í heimsókn og hjálpa til við að skreyta þær. Börnin fönnduðu mikið í jólamánuðinum, hlustuðu á jólasögur og jólatónlistin var allsráðandi meðan börnin fengu fræðslu um jólahald fyrr og nú. Hvítskeggjuðu jólasveinarnir fengu auðvitað sinn skerf af fræðslunni enda mikill áhugi hjá nemendum um hátterni þessara þrettán pörupilta. Litlu jólin voru haldin með hefðbundnum hætti. Foreldrafélag Brúsabæjar stóð fyrir jólaföndri í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans að Hólum. Þetta var afar ánægjuleg stund þar sem börn og foreldrar nutu þess að fönndra saman og hlusta á jólatónlist. Ekki var alveg matarlaust en börnar voru fram veitingar í anda jólanna, jólate, djús og piparkökur.

Sameiginlegt jólaföndur var hjá Barnaborg og Grunnskólanum á Hofsósi þar sem foreldrum var boðið að koma og fönndra með börnum sínum. Fór það fram í húsnæði Grunnskólans. Jólatónlistin hljómað við ilminn af vöfllum sem boðið var upp á í tilefni dagsins. Var þetta hinn ánægjulegasti dagur í alla staði.

Börnin á Hólum fengu að spreyta sig á að skera út laufabrauð sem síðan var steikt og borið fram með jólamáltíðinni þar á bæ.

Litlu jólin voru með svipuðu sniði á hverri starfsstöð. Í Bangsabæ voru börnin í rólegheitum inni á deild, hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Eftir það var farið í grunnskólann á Sólgörðum og dansað með nemendum þar í kringum jólatréð og farið í leiki. Síðan settust allir saman að veisluborði þar sem borið var fram kakó og kökur. Í Barnaborg byrjuðu Litlu-Jólin um 10:30. Þá komu jólasveinar í heimsókn og var dansað kringum jólatréð. Jólasveinarnir færðu börnunum mandarínur og pakka. Í hádeginu var borðaður sannkallaður jólamatur.

Í Brúsabæ voru börnin í rólegheitum inni á deild og hlustuðu á jólasögu og fengu pakka. Pakkarnir sem börnin fengu voru gefnir af foreldrafélögum leikskólanna. Í hádeginu var sameiginleg jólamáltíð leikskólans og grunnskólans. Eftir hádegi söfnuðust allir saman inni í grunnskóla og sungu saman, dönsuðu í kringum jólatréð, jólasveinar komu í heimsókn og færðu börnunum mandarínur og epli. Í lokin var svo öllum boðið upp á veitingar í boði foreldrafélaganna.

Leikskólinn var síðan lokaður milli jóla og nýárs vegna starfsmanna- og deildarfunda.

Janúar bauð upp á fasta liði í starfi leikskólans á nýjan leik. Fram að þrettándanum voru þó rólegheitin í fyrirrúmi. Um miðjan mánuðinn fengu leikskólarnir á Hólum og Hofsósi heimsókn frá Hundaræktarfélagi Íslands. Voru það tvær konur með hunda sem komnar voru til að fræða börnin um hvernig umgangast á hunda.

Þorranum var fagnað með þorrablóti. Börnin útbjuggu víkingahjalma sem þau báru. Í Barnaborg bauð leikskólinn upp á hlaðborð með ýmsum þorramat sem vakti mismikla hrifningu meðal neytenda. Í Brúsabær var boðið upp á hangikjöt með hefðbundnu meðlæti. Börnin komu með þorramat að heiman og var öllum boðið upp á smá smakk.

Í Bangsabæ var sameiginlegt þorrablót með börnum og starfsfólki grunnskólans.

Í febrúarmánuði var margt á dagskrá. Dagur leikskólans var 6. febrúar og að sjálfsögðu létum við ekki okkar eftir liggja að halda upp á daginn. Að þessu sinni buðum við foreldrum í kaffi og meðlæti sem börnin höfðu tekið þátt í að útbúa.

Haldið var upp á bolludag, sprengidag og öskudag með hefðbundnum hætti. Nemendur bjuggu til bolluvendi í öllum deildum leikskólans. Á bolludaginn voru bollur í flest mál öllum til mikillar ánægju. Saltkjöt og baunir voru auðvitað á matseðli sprengidags og öskudagur með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í Barnaborg mættu börnin grímuklædd og slegið var upp heilmiklu öskudagsballi og kötturinn sleginn úr tunnunni. Í Brúsabæ var sameiginlegt öskudagsball og búningakeppni Leikskólans og Grunnskólans að Hólum. Börnin í Bangsabæ gerðu sér ferð í Hóla þann dag til að taka þátt í herlegheitunum.

Foreldraviðtöl fóru fram í febrúar í Brúsabæ og tókust mjög vel. Það er alltaf jafn gleðilegt hversu mikil ánægja er hjá foreldrum með starf leikskólans.

Þann 18. febrúar var leikskólinn lokaður. Þann dag var starfsdagur fyrir starfsfólk leikskólans.

Marsmánuðurinn var frekar rólegur og hefðbundinn.

Foreldraviðtöl voru í Barnaborg í byrjun mánaðarins.

Undirbúningur páska hófst um miðjan mánuðinn og var fönndrað töluvert. Líkt og undanfarin ár fengu börnin páskaglaðning. Þurftu börnin að leita að glaðningnum sem starfsfólkið hafði falið. Páskaglaðningurinn var að þessu sinni kex, rúsínur og fleira góðgæti í skreyttu glasi auk málsháttar sem er ómissandi. Það var þó ekki nóg að börnin þyrftu að leita að sínum glaðningi, heldur þurfti starfsfólkið að hafa fyrir því að finna sinn því börnin sáu um að fela þá. Eftir viðamikla leit settust allir niður og gæddu sér á innihaldinu.

Í apríl var fjölbreytti starf. Þemadagar voru um miðjan mánuðinn og var áhersla lögð á mjólk og mjólkurvörur. Farið var í vettvangs ferð í Mjólkursamlagið á Sauðárkróki til að skoða hvað þar væri gert úr mjólkinni og fengum við góðar móttökur þar. Börnin fræddust um ýmislegt tengt mjólk og prufuðu sig áfram að búa til sínar eigin mjólkurafurðir. Leikskólinn var lokaður einn dag í apríl vegna starfsmannafunda, þann 26. apríl.

Í maí var umhverfisdagur og sameiginlegt opið hús hjá leik- og grunnskólanum að Hólum. Gestum gafst kostur á að skoða og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum eins og að búa til litla tösku úr kaffipokum eða pappírshúsi úr afgangspappír. Einnig var smíðaður moltukassi, sem leik- og grunnskólinn á Hólum ætla að taka í notkun haust 2013. Í Barnaborg var foreldrum boðið að koma og vinna með börnunum sínum úr náttúrulegum og endurvinnanlegum efnivið. Í Bangsabæ var farið í ruslatíslu og búið til listaverk úr ruslinu. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir gestir komu á opna húsið. Í Brúsabæ tóku nemendur þátt í lokadegi grunnskólans með því að mæta í sameiginlegu grillveislu. Daginn eftir (eða þann 24. maí) opnaði myndlistarsýningin í Brúsabæ. Útskrift skólahóps í Barnaborg var 17. maí. Við sama tækifæri var opnuð sýning á listaverkum sem börnin höfðu unnið yfir veturinn. Eftir útskrift fækkaði börnunum nokkuð þar sem skólahópurinn hætti og sum börn fóru í snemmbúið sumarfrí.

Júní var notaður til að yfirfara leikföng og þvo þau. Í Barnaborg var farið í gönguferðir um bæinn alla miðvikudaga. 11. júní var Íþróttadagur í leikskólanum þar sem farið var í ýmis konar þrautir og leiki út. Allir sem tóku þátt fengu þáttökuverðlaun sem krakkarnir höfðu hjálpað til við að útbúa. Í lok mánaðarins var grillveisla á vegum foreldrafélagsins. Í Brúsabæ var júnímánuður notaður til útiveru, farið var í gönguferðir og nánasta umhverfi kannað.

3.4 Útikennsla

Í vetur var haldið áfram að þróa útikennslu. Í Brúsabæ heitir útivistarhópurinn Skógartröll sem í voru þrjár elstu árgangar deildarinnar. Útielðhúsið var notað mikið til að baka brauð, steikja lummur, hita kakó og jafnvel var poppað með góðum árangri. Börnin æfðu sig að tálga og smíða og fóru í ýmsa leiki. Lögð var áhersla á að gefa nemendum kost á að skynja skóginn á fjölbreyttan hátt og voru því öll skynfærin þjálfuð með ýmsum leikjum og annarri þjálfun. Einnig var gefinn góður tími til að sitja í rólegheitum við varðeldinn og heyra snarkið í honum, hlusta á sögur og gæða sér á heitu kakói. Í vetur höfðum við meira en á fyrra árum tengt aðrir starfsgreinar inn í útikennsluna eins og stærðfræði og íslensku. Börnin notuðu efni náttúrunnar til að leysa stærðfræðiverkefni og í málörvun fundu þau rímorð sem hengd voru á tré í

skóginum. Það er svo sannarlega ánægjulegt að sjá hversu ríkur þáttur útikennslan er orðin í starfi leikskólans. Nemendur telja skóginn sjálfsgöðan hluta af leikumhverfi sínu og uppspretta leikjahugmynda þeirra með náttúruna eina að vopni er óþrjótandi. Í Bangsabæ eru það Náttúrutröllin sem vinna úti í náttúrunni. Þar sem aðeins einn starfsmaður er í Bangsabæ þá höfum við ekki farið út í það að kveikja eld. Börnin hafa með sér heitt kakó og geta sest niður og yljað sér á því á meðan þau hlusta á hugljúfa sögu eða bara sitja hljóð og hlusta á náttúruna. Í Barnaborg var engin útikennsla þetta skólaárið.

3.5 Skólahópur

Skólahópur hittist tvisvar í viku eftir áramót í Barnaborg. Aðaláherslan var á stærðfræðibókina „Kátt er í Kynjadal“. Markviss málörvun var hluti af almennu hópastarfi þetta starfsárið.

Aukin samvinna milli skólastiga var í Hofsósi. Skólahópurinn fór meðal annars í matreiðslu, tónmennt og handmennt í Grunnskólanum. Þau mættu síðan einu sinni í viku í íþróttir með yngstu börnum grunnskólans á tímabilinu frá 22. nóvember til 21. mars. Í Brúsabæ og Bangsabæ voru engin börn í skólahóp þennan vetur

4 Nemendur

Í Tröllaborg dvöldu 1. desember 2012, 32 börn sem skiptust niður á þrjár deildir, Tröllaborg í Fljótum, Tröllaborg á Hofsósi og Tröllaborg á Hólum.

4.1 Nemendafjöldi

Tröllaborg í Fljótum

Það geta verið 10 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	Drengir	Stúlkur	Fjöldi barna
2008	1	0	1
2009	0	1	1
Samtals	1	1	2

Tröllaborg Hofsósi

Leikskólinn er byggður fyrir 16 börn en við höfum til afnota fyrir hádegi, herbergi í húsnæði eldri borgara. Við getum því tekið 20 börn í vistun þ.e. frá 08:00-13:00.

Börn fædd	Drengir	Stúlkur	Fjöldi barna
2007	2	2	4
2008	3	1	4
2009	0	4	4
2010	2	3	5
2011	0	1	1
Samtals	7	11	18

Tröllaborg Hólum

Það geta verið 40 börn samtímis í leikskólanum fyrir utan þann tíma sem skarast.

Börn fædd	Drengir	Stúlkur	Fjöldi barna
2007	0	0	0
2008	1	2	3
2009	3	2	5
2010	0	1	1
2011	1	2	3
Samtals	5	7	12

4.2 Sérkennsla

Ekkert barn hjá okkur var með verulega fötlun. Nokkur börn þurftu þó stuðning varðandi málþroska. Inga Huld talmeinafræðingur liðsinnti okkur varðandi það.

5 Starfsmenn

5.1 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

Fjöldi starfsmanna miðast við fjölda barna og samsetningar barnahópsins. Taka þarf með í útreikninga varðandi starfsmenn að dagurinn er frá 7:45-16:15, kaffitíma, undirbúning. Einnig að leikskólinn er rekinn á þremur starfsstöðvum.

Fyrir áramót voru 13 starfsmenn í 10,3 stöðugildum, þar af tveir starfsmenn í ræstingu einn starfsmaður í eldhúsi og húsvörður. Í vetur voru 4 leikskólakennarar þar með talið leikskólastjóri.

Starfsmenn eru í þremur stéttarfélögum, Leikskólakennarar í Félagi leikskólakennara, leikskólastjóri í Félagi stjórnenda í leikskóla, aðrir starfsmenn í Starfsmannafélagi Skagafjarðar.

5.2 Starfsmenn í fjarnámi

Enginn starfsmaður var í námi þetta skólaárið.

6 Símenntun

6.1 Ýmis námskeið

Fræðsludagurinn fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Sveitarfélagsins var haldin 17. ágúst í Miðgarði í Varmahlíð frá kl. 09:00-15:00. Herdís kynnti hugmyndir um myndun tengslahópa, Kristbjörg Kemp kynnti meistaramnnsókn um nemendalýðræði, fagmennsku og fleira í skólastarfi. Gunnar sandholt var með fyrirlestur um tilkynningaskyldu til barnaverndar. Selma Barðadal kynnti vinaliðaverkefnið og Þóra Björk Jónsdóttir flutti erindi um, lykilhæfni – ný skólanámskrá grunnskóla. Dagurinn endaði svo á að hver og einn gat valið sér hóp til að vinna í og mynda tengslanet, samstarf faghópa og annara starfsmanna skólanna.

Hauptþing leikskóla á Norðurlandi vestra var haldið á Sauðárkróki 28. September. Anna Jóna Guðmundsdóttir frá HÍ var með fyrirlestur um sjálfstraust og góðan vinnuanda.

6.2 Skipulagsdagar

Eins og reglur gera ráð fyrir að voru skipulagsdagarnir tveir plús fræðsludagur. Fyrri skipulagsdagurinn var 12. Nóvember. Dagurinn skiptist niður í sjálfsmat, deildarfundir og sameiginlegan fund þar sem rætt var um skipulag vetrarins og ákveðið fyrirkomulagið á endurskoðun skólanámskrárinna. Annar skipulagsdagur var svo 18. Febrúar. Þetta var sannkallaður vinnudagur. Starfsmönnum var skipt í hópa og var búinn til pappír, töskur til að nota undir smt brosin og endurskoðun skólanámskrár.

7. Mat á skólastarfi

Við sjálfsmatið notum við matslista sem heitir „Barnið í Brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla við að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsfólks, foreldrasamstarf og stjórnun. Við tókum lykiltætti 1 og 5. Skýrsla um sjálfsmatið fylgir með í viðhengi og ereinnig aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

8 Tölvumál

Tölvumálin mættu vera betri hjá okkur en það eru til þrjár tölvur. Tvær tölvur eru fyrir starfsmenn önnur er í Barnaborg og hin í Brúsabæ og ein tölva hjá leikskólastjóra. Í Brúsabæ hafa börnin aðgang að tölvu í 5 ára stofunni, þetta er gömul tölva en nægir fyrir þá notkun sem við þurfum. Tölvan í Barnaborg hrundi og vegna plássleysis var ákveðið að bíða aðeins með að fá aðra tölvu. Börnin í Bangsabæ geta fengið að fara í tölvu inni í grunnskólanum þar.

9 Önnur samskipti

9.1 Grunnskólinn

Samstarf milli skólastiga hefur aukist mjög mikið og er alltaf að eflast. Skólahópurinn í öllum deildum fer í íþróttir með yngstu deild grunnskólans einu sinni í viku yfir ákveðið tímabil. Í Fljótum fer skólahópurinn einu sinni í viku klukku tíma í senn, allan veturinn, í tíma í grunnskólann. Á Hofsósi eru gagnkvæmar heimsóknir milli skólastiga. Á Hólum hefur verið lestrarverkefni í gangi og hefur það verkefni stóraukið samstarfið milli þessara skólastiga. Gerð var skólanámskrá í kringum samstarfið milli skólastigana bæði á Hofsósi og Hólum og er hún aðgengileg á heimasíðu Tröllaborgar. Auk þessa mikla samstarfs sem er í kringum skólahópinn að þá er heilmikið annað samstarf við

grunnskólann. Ýmsar sameiginlegar uppákomur voru og má þar nefna nóvemberskemmtun Grunnskólans að Hólum en þar voru leikskólabörnin með eitt atriði, jólaball, öskudagsball, opið hús og grillhátíð á vorin sem og útskrift nemenda.

Á Hofsósi er sameiginlegur jólaföndursdagur.

Á Hólum fer yngsta deild Grunnskólans með þrem elstu árgöngum leikskólans í skóginn einu sinni í viku í tvo tíma. Útikennslan er skipulögð sameiginlega af leik- og grunnskólakennurum. Í Fljótum var leiksólabörnunum boðið í skíðaferð og vorferð til Akureyrar.

Skóladagvistun á Hólum eftir skóla er í umsjón leikskólans.

Sameiginleg innkaup eru á öllum hreinlætisvörum og ýmsum öðrum rekstrarvörum.

9.2 Foreldrasamstarf

Samskipti við foreldra hafa alltaf verið góð og jákvæðni gætt hjá öllum og þannig viljum við að það verði áfram. Þar sem samfélagið er lítið þá eru samskiptin mjög persónuleg og fara að mestu leyti fram í daglegum samskiptum. Á haustmánuðum var aðalfundur foreldrafélaganna en foreldrafélag er við hverja deild. Þessi fundir eru haldnir í samvinnu við leikskólastjóra og mætir starfsfólk leikskólans á þessa fundi og kynna starfið sem fram á að fara um veturinn. Í mars fóru fram foreldraviðtöl í öllum deildum. Allt skipulag leikskólans geta foreldrar fundið inn á heimasíðu leikskólans. Einnig eru send út foreldarafréttabréf vikulega allan veturinn.

9.3 Vinnuskólanemar

Undanfarin ár hafa verið hjá okkur unglingar frá vinnuskólanum og var það einnig nú. Í Barnaborg var ein stúlka og í Brúsabæ voru tveir strákar. Það finnst öllum frábært að fá þessa starfskrafta inn og ekki síst börnunum en þetta er mikil og góð tilbreyting fyrir þau.

9.4 Gjafir

Foreldrar í öllum deildum leikskólans færðu leikskólanum gömul leikföng, bækur og púsl að gjöf. Það er gaman að fá slíkar gjafir, við vitum að í okkar þjóðfélagi eru margir ofhlaðnir dóti, eiga í rauninni allt of mikið. Þetta er því skemmtileg endurnýtingarstefna og kunnum við foreldrum okkar bestu þakkir fyrir. Starfsmannafélag Tröllaborgar gaf Bangsabæ og Brúsabæ playmó og hoppubolta. Kvenfélagið fljótum gaf leikskólanum tvær vettvangsferðir, skíðaferð til siglufjarðar og skemmtiferð til Akureyrar.

Fyrir þessar gjafir færum við okkar bestu þakkir.

10 Skólanámskrá og annað útgefið efni

Skólanámskráin er á heimasíðunni. Í vetur hefur verið vinna í gangi vegna endurskoðunar hennar í samræmi við nýja „Aðalnámskrá Leikskóla“.

Foreldrahandbókin var endurskoðuð og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Árskýrslan og Sjálfsmatsskýrslan eru einnig á heimasíðunni.